

þar sem auglýsing sú, sem hinum kærða er gefið að sök að hafa tekið niður, ekki hafði verið fest upp að ráðstöfun yfirvaldsins, þá ber að dæma hann sýknan af ákærum sóknarans í þessu máli, og allur kostnaður af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, að greiðast úr opinberum sjóði.

Málið hefur í hjerði verið rekið með tilbærilegum hraða, og flutningur þess fyrir yfirdóminum verið lög-mætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, verzlunarstjóri V. Holm, á að vera sýkn af kærum sóknarans í þessu máli, og allur kostnaður af því að greiðast úr opinberum sjóði, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Mánudaginn 1. októbermán.

Nr. 11/1877: Skapti ritstjóri Jósefsson
gegn

Bergi amtmanni Thorberg.

Dómur.

Með dómi, gengnum að Akureyri 16. nóvembermánaðar 1876, er kandidat philos. Skapti Jósefsson, ritstjóri blaðsins Norðlings, dæmdur fyrir að hafa haft meiðandi orð um Berg amtmann Thorberg í nefndu blaði nr. 16, er út kom 21. janúar s. á., í 20 króna sekt til landssjóðs, og lúka allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það eigi hefði verið gjafsóknarmál, því amtmaðurinn hafði fengið gjafsókn við undirrjettinn,

eins og hann einnig hefur fengið hjer við rjettinn, og þar á meðal 10 kr. til hins skipaða sóknara Eiríks Halldórssonar; svo voru og hin ákærðu meiðyrði dæmd dauð og ómerk, en dómi þessum hafa þeir báðir Skapti ritstjóri Jósefsson, sem aðaláfrýjandi, og amtmaður Bergur Thorberg, sem gagnáfrýjandi, skotið til yfirdómsins.

Svo stendur á hinum ákærðu meiðyrðum, að eptir að ritstjórinn í áminnztu blaði sínu hafði látið prenta dóma landshöfðingjaritara Jóns Jónssonar, dags. 29. október og 23. nóvember 1875, fór hann svo felldum orðum út af þeim: «vjer viljum biðja lesendurna að taka vel eptir athæfi amtmanns Bergs Thorbergs, sem lýsir þvílíkri fávizku, eða einhverju enn þá lakara, að langt keyrir úr hófi og öllum má blöskra». «Það koma fyrir orð og gjörðir, er lýsa sjer langbezt sjálfar, og svo er hjer, enda vanta oss orð til þess að lýsa athæfi amtmanns Bergs Thorbergs í þessu máli».

Þar sem aðaláfrýjandinn hefur krafizt þess, að málinu verði frá vísað af þeirri ástæðu, að þá er málið hafi verið fyrir sættanefnd, hafi ekki annar sá sáttanefndarmaður, er hafði ritað innköllun á kæruskjalið, mætt, heldur maður í hans stað, þá er það sannað undir rekstri málsins, að löghæfir sáttamenn (tilsk. 20. jan. 1797 § 35) hafa reynt sættir á málinu, og verður því frávisunarkrafa þessi ekki tekin til greina.

Rjetturinn verður að fallast á þá skoðun aðaláfrýjandans, að hin kærðu orð verði að meta eptir þeim ástæðum eða atvikum, sem koma fram í hinni umræddu ritgjörð, og sem byggð eru á framan nefndum lögreglurjettardómi 23. nóv. 1875, en ekki eptir þeim upplýsingum um málavexti, sem gagnáfrýjandinn hefur fram fært, með því að leggja fram eptirrit um það, er hann hefur gjört í málefnum þessum. Þegar nú þannig er skoðuð sú röksemdaleiðsla höfundarins fyrir hinum ákærðu um-

mælum, að gagnáfrýjandinn hafi fellt úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í fjárkláðamálinu, þá getur þessi ástæða ekki á neinn hátt rjettlætt þau viðhöfðu orð, nje heldur getur sá skilningur þeirra verið til málsbóta, er aðaláfrýjandinn hefur gjört gildandi, að þau ekki sjeu meidandi af þeirri ástæðu, að gagnáfrýjandinn hafi ekki nægilegt vit á böðum, lækningum, fjárhirðingum o. s. frv., eða að eitthvað lakara hafi átt sjer stað, svo sem fljótfærni og athugaleysi. Þá orðin eru tekin eins og þau koma fyrir, að gagnáfrýjandanum er brugðið um fávizku eða eitthvað lakara, og þetta gjört enn megnara með því að bæta við, að úr hófi keyri, og að öllum megi blöskra, virðist fullkomin ástæða vera til þess, að álíta öll orð þessi í heild sinni sem ókvæðisorð, er ber að dæma dauð og marklaus, og varða aðaláfrýjandann sekta, er samkvæmt hegningarlaganna 219. gr. virðast hæfilega metnar 50 kr., eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi er greidd í ákveðinn tíma. Svo ber honum og að lúka allan af málinu fyrir báðum rjettum löglega leiðandi kostnað, eins og málið eigi hefði verið gjafsókarmál, og þar á meðal til hinna skipuðu svaramanna amtmannsins við yfir- og undirrjettinn 20 krónur til hins fyr tjeða og 10 krónur til hins síðar nefnda. Undirdómarinn hefur dæmt hinn skipaða svaramann amtmannsins þar við rjettinn í 4 kr. sekt til landssjóðsins, af því að hann hafði kallað hin ákærðu orð ósvífin, og skyldi orð þetta vera ómerkt. Þessi ákvörðun í dómi undirrjettarins ber, sem ástæðulaus, að falla burtu.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að meðferð þess fyrir undirrjettinum hefur verið vítalaus, og flutningur þess fyrir yfir- og undirrjettinum lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin að framan umræddu og ákærðu ummæli aðal-
áfrýjandans, kandidats philos. Skapta Jósepssonar,
í blaðinu Norðlingi, nr. 16, er útkom 21. janúar-
mánaðar 1876, um gagnáfrýjandann Berg amtmann
Thorberg eiga að vera dauð og marklaus; svo ber
aðaláfrýjandanum og að greiða 50 króna sekt í
landssjóð, en greiði hann hana eigi í ákveðinn
tíma, skal hann sæta einföldu fangelsi í 15 daga.
Auk þessa greiði hann allan af máli þessu löglega
leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum, eins og það
eigi hefði verið gjafsóknarmál, og þar á meðal til
hinna skipuðu svaramanna amtmanns Bergs Thor-
bergs, fyrir yfirdóminum Guðmundar málaflut-
ningsmanns Pálssonar 20 krónur, og fyrir undir-
dóminum Eiríks bónda Halldórssonar 10 krónur.—
Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 29. októbermán.

Nr. 22/1877: Halldór yfirkennari Friðriksson
gegn
Skapta ritstjóra Jósepssyni.
Dómur.

Í blaðinu Norðlingi, nr. 26, dags. 20. apríl 1876,
var ritgjörð með yfirskript: «Svar frá ritstjóra Norðlings
til yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar», er áleit að inni-
hald ritgjörðar þessarar væri ærumeiðandi fyrir sig, og
höfðaði þess vegna mál fyrir bæjarþingsrjetti Akureyrar
gegn ritstjóra blaðsins kand. Skapta Jósepssyni, er var